

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2023

2023/EES/75/03

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/905 frá 9. júní 2022 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB að því er varðar aðferðarlýsingar vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) og 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 L 0905:** Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/905 frá 9. júní 2022 (Stjtið. ESB L 157, 10.6.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar (ESB) 2022/905, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 157, 10.6.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.